

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/204
komudagur 22.11.2006
3/20



Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR
TÞH/hþ

DAGSETNING
22.11.2006

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál


RARIK hf. fagnar því að gerð verði heildstæð úttekt á breytingum á rafmagnsverði til almennra notenda og fyrirtækja í kjölfar breytinga á skipulagi raforkumála. Fyrirtækið hefur á heimasíðu sinni upplýst um þær breytingar sem orðið hafa hjá viðskiptavinum þess og er að sjálfsögðu tilbúið til að taka þátt í, eða láta í té allar upplýsingar um þær breytingar sem þörf er talin á.

Hafa ber þó í huga að við þær umfangsmiklu breytingar sem gerðar voru á raforkumarkaði urðu viðskiptavinir ýmist fyrir hækkunum eða lækkunum, en almennt má segja um viðskiptavinum RARIK að þeir sem áður greiddu hæsta verðið lækkuðu, á meðan þeir sem áður greiddu lægsta verðið hækkuðu. Þannig má finna fjölmörg dæmi um viðskiptavinum sem fóru illa út úr breytingunum, þótt mun fleiri dæmi séu um þá sem annað hvort stóðu í stað eða fóru vel út úr þeim. Þessar miklu sveiflur segja hugsanlega meira um galla eða mismunum í eldra kerfi en í því nýja.

Í ljósi framangreinds væri eðlilegra að tillagan til þingsályktunar væri um úttekt á breytingu rafmagnsverðs, en ekki eingöngu um hækkun þess.

Þar sem ljóst er að ekki er sátt í þjóðfélaginu um túlkun á því hvaða verðbreytingar á rafmagnsverði urðu í kjölfar breytinga á skipulagi raforkumála, þá er það fagnaðarefni að gerð verði ein heildstæð úttekt til að varpa skýrara ljósi á niðurstöðuna.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Þór Haraldsson,
forstjóri

RA-18170